

Hleðslutæki

sem passar fyrir alla síma

Hagkvæmara og umhverfisvænna



Í írska blaðinu *Consumer choice* segir frá kröfu ANEC um stöðluð hleðslutæki fyrir síma. ANEC, sem er samstarfsvettvangur evrópskra neytendasamtaka um staðlavinnu, hefur óskað eftir því að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynni til sögunnar samræmdan staðal fyrir hleðslutæki (fyrir farsíma, lófátölvur, stafrænar myndavélar og önnur minni raftæki). Eins og neytendur þekkja sitja þeir uppi með sífellt meira magn af úreltum hleðslutækjum. Slíkt hefur neikvæð áhrif á umhverfið því gömul hleðslutæki er ekki hægt að endurýta á neinn hátt. Þau enda því á ruslahaugunum og bætast við hið mikla magn rafræns úrgangs sem bæði framleiðendur og ESB segjast vilja minnka. Þess utan fylgir því auðvitað kostnaður að framleiða ný tæki og það eru neytendur sem bera hann. Stundum breyta framleiðendur jafnvel hönnun á hleðslutæki fyrir sína eigin farsíma sem styttr líftíma vöru sem að öðru leyti virkar fullkomlega vel.

Nokkrir farsímaframleiðendur hafa lofað að þróa staðlað hleðslutæki fyrir árið 2012. Aðalframkvæmdastjóri ANEC, Stephen Russell, segir: „Þó að við fögnum fréttum af því að nokkrir

Þegar keyptur er nýr gæmsi er allt eins líklegt að gamla hleðslutækið passi ekki. Slíkt er óþarfa sóun og því til mikils að vinna fyrir neytendur og umhverfi að stöðluð hleðslutæki verði að veruleika.

framleiðendur vilji þróa staðlað hleðslutæki fyrir farsíma efumst við um að sjálfviljugt samkomulag sé nógu öflug aðgerð til að tryggja neytendum alnota hleðslutæki í framtíðinni. Svipuð tilkynning um útgáfu mikró USB símahleðslutækja kom út árið 2007, en þetta sjálfviljugu samkomulag hefur enn ekki verið framkvæmt.“ CAI, Neytendasamtök Írlands, eru sammála ANEC og telja að þótt þetta sé góð byrjun sé ólíklegt að neytendur og umhverfið hafi hag af skuldbindingu sem taki aðeins á einum vöruhópi. CAI telur að það þurfi reglugerð frá ESB sem nái yfir allar vörur til að það verði breyting til frambúðar.

Heimild: Consumer Choice, apríl 2009

Matvælaverð hækkar enn

Vörugjald var lagt á ýmsar vörur 1. september og búast má við því að það sé nú að mestu komið fram í verðlagi. Hér má sjá hvað það er í krónum á kíló eða lítra.

16 kr./l

Ávaxtasafar og gosdrykkir.

Vatn þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn (kolsýrt vatn).

Drykkjarvörur úr sojabáunum, hrísgrjónum og/eda möndlum.

Öl gert úr malti með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda af rúmmáli.

Vín úr þrúgum með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda af rúmmáli.

Edik og edikslíki fengið úr ediksýru.

Rjómaís og annar ís.

24 kr./kg

Matjurtir, ávextir og fleira sem varið er skemmdum með sykri.

Ávextir, hnetur og fleira, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða áfengi. Sulta og ávaxtahlaup, ávaxtasúpur og -grautar.

30 kr./kg

Kakó.

Efni til framleiðslu á drykkjarvörum.

50 kr./kg

Búðingsduft

60 kr./kg

Sykurvörur (s.s. strásykur, molasykur, púðursykur og síróp).

Bragðbætt eða litað sykursíróp.

80 kr./kg

Sætt kex og smákökur, vöfflur og kexþynnur húðað eða hjúpað súkkulaði.

100 kr./kg

Fyllt og ófyllt súkkulaði.

Þáskæggi.

120 kr./kg

Sætindi án kakóinnihalds (s.s. tyggigúmmi (með sykri), möndlumassi, lakkrís, karamellur og brjóstsykur).

Sætindi án glúteins og sérstaklega tilreidd fyrir ofnæmis- og efnaskiptasjúklinga.

130 kr./kg

Kakómalt.

Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakó.

Sælgæti.

160 kr./kg

Ávaxtaþykkni (þurrkaðir ávextir til lögunar á seyði).

Ný heimasíða samtakanna

Starfsmenn Neytendasamtakanna vinna nú að því að breyta og bæta heimasíðuna og ætti ný síða að komast í gagnið innan skamms. Engar rótækar breytingar eru gerðar en áhersla er lögð

á að flokka allt efni betur og gera síðuna aðgengilegra. Mikið af áhugaverðu efni er á heimasíðu Neytendasamtakanna og reglulega eru settar inn fréttir sem samtökin telja að eigi erindi til neytenda.